

- 2.19. Verksmiðjan skal sjá um, að mengunarvarnarbúnaður sé ávallt í sem fullkomnustu lagi. Skal hafa reglulegt eftirlit með búnaði og ástandi hráefnis hverju sinni. Niðurstöður og athuganir skal skrá niður í sérstaka dagbók og skal fulltrúum mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefndar Eskifjarðar heimill aðgangur að þeim hvenær sem er.

3. gr.

Gildistaka.

- 3.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sem sett er með stoð í 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi starfsleyfi frá 2. janúar 1974 með breytingum frá 3. apríl 1976.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Byggingu fitugildru á frárennsli skv. gr. 14. skal lokið innan þriggja mánaða frá útgáfu þessa starfsleyfis.
2. Frárennsli skal lagt niður fyrir stórstraumsfjöruborð innan þriggja mánaða frá útgáfu starfsleyfis þessa.
3. Lofthreinsibúnaður skal taka til starfa fyrir 1. janúar 1987.
4. Yfirbyggingu þróa skal lokið fyrir 1. janúar 1988.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. júlí 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um endurgreiðsluhlutfall söluskatts til fiskvinnslufyrirtækja.

Með skírskotun til laga nr. 24, 7. maí 1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins og 2. gr. reglugerðar nr. 280, 6. júní 1986, um endurgreiðslu söluskatts af aðföngum fiskvinnslu hefur ráðuneytið ákveðið eftirfarandi hlutfall endurgreiðslu, sem miðað er við fob-verðmæti framleiðslu:

- | | |
|-------------------------------|------|
| 1. Frysting | 1.8% |
| 2. Söltun | 1.8% |
| 3. Rækjuvinnsla | 1.8% |
| 4. Hörpudiskvinnsla | 1.8% |
| 5. Síldarvinnsla | 1.8% |
| 6. Mjöl og lýsisvinnsla | 3.0% |

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. ágúst 1986.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Gylfi Gautur Pétursson.